

Erindi um stuðning til frekari uppbyggingar á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar hjá Aurora Basecamp í landi Hafnarfjarðarbæjar.

Árið 2019 fékk fyrirtækið Basecamp Iceland ehf. leyfi Hafnarfjarðarbæjar til uppbyggingar á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar í gömlu hraunnámunum við Snókalönd. Uppbyggingu lauk fyrir árslok sama ár og svæðið þá tilbúið til móttöku viðskiptavina. Á þeim fáu mánuðum sem svæðið var opið áður en covid-19 skall á, hafði tekist vel að ná til erlendra ferðamanna, sér í lagi þeirra sem voru á bílaleigubílum og var eftirspurn samkvæmt áætlunum. Viðskiptavinir sem heimsóttu svæðið voru ánægðir með upplifunina en það má meðal annars sjá á umsögnum þeirra inni á Tripadvisor síðu fyrirtækisins. Við horfum nú björtum augum til framtíðar, vitum að við erum með góða vöru í höndunum og gerum ráð fyrir opnun snemma árs 2021.

Fyrirtækið hefur nú öðlast dýrmæta reynslu af rekstrinum á Snókalöndum, fengið góða umsögn og kynnst svæðinu vel á þessum tíma. Á þessu tímabili höfum við þurft að takast á við vandamál sem erfitt er að leysa án hefðbundinna innviða og ljóst er að þörf er á frekari fjárfestingum til þess að unnt verði að reka þjónustu á svæðinu til framtíðar.

Skortur á rafmagni til upphitunar og vatni fyrir salernisaðstöðu hefur flækt rekstur töluvert meira en búist var við en í okkar áætlunum var ekki gert ráð fyrir umferð að degi til og annarra en okkar viðskiptavina að kvöldi. Það er þó ánægjulegt að sjá hversu vel nýtt þetta svæði er til útivistar og umferð hella, göngu og hjólríðafólks kom okkur skemmtilega á óvart þrátt fyrir að því fylgdi óvæntur kostnaður. Upphaflegar áætlanir um lágmarks notkun á rafmagni til upphitunar og framleiðslu rafmagns með vindmyllu stóðust þannig hvergi og fljótlega ljóst að orkupörfin væri meiri en svo að hagkvæmt væri að framleiða það á staðnum.

Hingað til hefur rafmagn verið framleitt í díselrafstöð á svæðinu og hefur það dugað fyrir lágmarksrekstur en er ekki ákjósanleg lausn til framtíðar. Norðurljósatímabilið er yfir kalda vetrarmánuði og þá er eftirspurn ferðamanna mest. Á þessum tíma þarf góðan hita í tjöld og klósett, tryggja þarf góða lýsingu á bílastæði og göngustígum, halda öryggiskerfum í gangi og

margt fleira. Um leið og slökkt er á rafstöð þá hverfur hiti, lýsing og öryggi á svæðinu. Allt vatn er aðflutt og geymt í tönkum, að vetri til frýs vatnið og sem skapar enn önnur vandamál.

Okkar markmið eru að halda áfram að þróa Norðurljósasetrið í þá átt að það verði eitt af einkennismerkjum þess sem vel er gert í íslenskri ferðapjónustu og við höfum, eftir því sem efni og aðstæður hafa leyft, haldið áfram vinnu við að bæta svæðið með leyfi Hafnarfjarðarbæjar.

Við erum mjög þakklát fyrir það traust sem okkur frumkvöðlunum hefur verið sýnt og þann stuðning og skilning sem við höfum fengið frá öllum þeim sem að hafa komið að verkefninu.

Það er þess vegna einlæg ósk okkar að fá að halda áfram þróun og uppbyggingu við Norðurljósasetrið á sama stað og í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, að bæta enn frekar þá innviði sem þarf til þess að þetta svæði nýtist sem best til útivistar og ferðamennsku. Við sjáum mikil tækifæri í slíkri þjónustu og metum það svo að frekari uppbygging innviða á svæðinu geri náttúruperluna Leiðarenda, gönguleiðirnar í Undirhlíðum og hjólaleiðirnar um Kleifarvatn enn eftirsóknarverðari fyrir íbúa svæðisins.

Kostnaður vegna nauðsynlegra framkvæmda í innviðum hleypur á tugum milljóna og ljóst að fjárfestar verða að sjá einhverja tryggingu þess að leyfi sé fyrir starfseminni til frambúðar. Til þess að svo megi verða er okkur ljóst að það þarf að ljúka skipulagi á svæðinu sem gerir ráð fyrir svona starfsemi og óskum við þess vegna eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ með það að markmiði.

Virðingarfyllt,

Höskuldur Elefsen

Framkvæmdastjóri Basecamp Iceland ehf.